

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



<b>Dags eftirlits</b>	8.10.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá Stekkjarvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar Viggósson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð varðandi fituleyfa við fitugildru sem skildar höfðu verið eftir við losun gildrunnar. Unnið er eftir útbótaáætlun varðandi tvö eldri frávik

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Ekki er unnið eftir ákveðnu umhverfisstjórnunarkerfi en umhverfismarkmið eru aðgengileg á heimasíðu rekstraraðila.

Rekstraraðili vinnur skv. úrbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 10. apríl sl. varðandi tvö eldri frávik. Mælingar á hauggasi áttu að fara fram mánaðarlega og rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Reiknað er með að urðunarhaugurinn nái fullri hæð um mitt næsta ár en ekki er hægt að gera varanlegar sýnatökuholur í hauginn fyrr en því er náð. Hins vegar hafa verið boraðar 3 bráðabirgðaholur í hauginn og verða þær hækkaðar eftir því sem haugurinn hækkar. Þessar sömu holur verða síðan nýttar til söfnunar á hauggasi en áætlað er að hún hefjist árið 2017. Mælingum skv. úrbótaáætlun úr bráðabirgðaholunum er lokið og voru þær framkvæmdar af EFLU verkfræðistofu 4. júní, 14. júlí og 25. ágúst sl.

Þvottaplan er tengt olíuskilju en það er ekki í notkun. Tæmt er úr hreinsivirki staðarins einu sinni á ári og var það gert þann 7. okt. sl. Gerðar eru sigvatnsmælingar í lok hvers mánaðar, tekið er úr fitugildru, setubeði og brunnum. Niðurstöður mælinganna eru birtar í grænu bókhaldi rekstraraðila.

Engar kvartanir vegna svæðisins hafa borist eftirlitsaðila

Keyrt var um svæðið og aðstæður skoðaðar. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki sjáanleg merki um fok eða ófullnægjandi frágang. Rekstraraðili leggur töluverða vinnu í að halda girðingum og nærsvæði hreinu. Ekki var hægt að greina uppsöfnun í frárennislæk, hvorki ofan girðingar né neðan.

Daglega er gengið frá urðunarreinum og sláturúrgangur hulinn með kurli. Örlitla lykt mátti finna úr læknum en ekkert sem telst óeðlilegt. Ekki var að sjá óeðlilega uppsöfnun, fok eða óhreinindi í frárennislæk niður í Stekkjarvík.

## ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi fituleyfa sem voru í kringum fitugildru eftir losun. Gæta skal þess að frágangur eftir losun sé snyrtilegur og öll fita sem fellur út fyrir sé fjarlægð.

## ANNAÐ

Fyrirhugað er að stækka urðunarhólfíð á næstu misserum enda er umfang urðunarinnar meiri en ráð var fyrir gert.

Undirbúningur við byggingu vélaskemmu er hafinn og reiknað með að vinna við hana hefjist í haust.

1200L færanlegur olíutankur er staðsettur á urðunarsvæðinu til notkunar fyrir vinnuvélar.

Allar upplýsingar um mælingar, magn úrgangs og framkvæmdir koma fram í grænu bókhaldi.

Reykjavík, 21.10.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

